

L Ö G

65
23. júní

um

breyting á lögum nr. 37, 8. sept. 1931, um heimild fyrir ríkisstjórnina
til ýmsra ráðstafana vegna útflutnings á nýjum fiski.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski,
Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau
með samþykki Voru:

1. gr.

Síðari málsg. 1. gr. laganna orðist svo:

Til undirbúnings þessara framkvæmda og lánveitinga til fisksölufélaga,
sbr. 4. gr., má verja úr ríkissjóði allt að 100 þús. kr. á árunum 1932 og 1933,
og er ríkisstjórninni heimilt að taka fé þetta að láni.

2. gr.

5. gr. laganna verði þannig:

Nú leigir fisksölufélag, sbr. 1. og 4. gr., sjálft skip til flutninga á ísvörð-
um fiski, og er þá ríkisstjórninni heimilt að taka ábyrgð á slíkri skipaleigu, allt
að 200 þús. kr. samtals, gegn tryggingum þeim, er hún metur gildar.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Christiansborgarhöll, 23. júní 1932.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Þorsteinn Briem.